

Skólaráðsfundur 07.11.2023

Snælandsskóli

- Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir (fulltrúi foreldra), Arna Þórðardóttir (fulltrúi grenndarsamfélags), Anna Halldórsdóttir (fulltrúi foreldra), Björn Gunnarsson (kennari), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Halldór Gauti Tryggvason (fulltrúi nemenda), Emilía Ísis (fulltrúi nemenda), Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri), Kjartan Haraldsson (ritari).
- Í upphafi fundar var rætt um innra mat skólans. Í skólanum starfar innra mats teymi sem hefur fundað einu sinni á haustönn. Skólastjóri fór yfir nýjustu niðurstöður skólapúl síns, aðeins hefur verið gerð ein mæling. Hér eru helstu niðurstöður.
 - Virkni nemenda
 - Snælandsskóli er marktækt fyrir ofan landsmeðaltal í ánægju af lestri nemenda
 - Færri en landsmeðaltal segir taka með sér snjallsíma í skólann
 - Annað í virkni nemenda er á pari við landsmeðaltal
 - Líðan og heilsa
 - Skólinn er undir landsmeðaltali þegar vellíðan nemenda er mæld. Snælandsskóli hefur verið undir í þessum lið frá Covid faraldrinum og veldur þetta okkur áhyggjum. Skoðaðar voru spurningarnar á bak við mælinguna. Umræður sköpuðust um málið lagði skólastjóri til að við þyrftum að koma á samstarfi skólans og foreldra til að styrkja þennan þátt í lífi barnanna. Tillaga kom frá foreldrum um að fá Gleðiskrudduna til að koma og halda fyrirlestur fyrir foreldrana.
 - Skólinn var einnig undir landsmeðaltali þegar kom að ánægju með skólamatinn. Könnunin var gerð þá daga þegar matráður var í leyfi og aðkeyptur matur var á boðstólum. Við vonum að þessi dýfa tengist þeim staðreyndum.
 - Snælandsskóli var langt undir landsmeðaltali þegar kemur að tíðni eineltis.
 - Skóli og bekkjarandi
 - Flest var þarna á pari við landsmeðaltal að tveimur þáttum undanskildum.
 - Skólinn er undir landsmeðaltali þegar kemur að þátttöku nemenda í kennslustundum.
 - Snælandsskóli er undir landsmeðaltali í tíðni leiðsagnarnáms. Foreldrar bentu á mikilvægi fjölbreyttra kennsluaðferða, mikilvægi þátttöku nemenda í skipulagi á skólastarfi og skapandi vinnu í skólastofum.
- Það barst ábending frá fulltrúa grendarsamfélagsins um mikilvægi þess að skilaboð á Mentor skili sér tímanlega til nemenda.
- Í kjölfar niðurstöðva fór skólastjóri yfir áætlanir innra mats teymisins. Teymið ætlar í vetur að vinna með niðurstöður skólapúl síns, halda áfram innleiðingu leiðsagnarnáms, kanna afstöðu kennara, nemenda og foreldra við nemendastýrðu viðtölunum sem voru í haust og vinna í því að bæta gæði kennslustunda. Það kom tillaga frá foreldrum að að nýta starfendarannsóknir við þá vinnu.

- Skólastjóri nefndi að búið væri að fá eftirlitsaðila til að skoða nýja kastalann á norð-austur hluta skólalóðar, skv. eftirlitsaðilum þá samræmist kastalinn stöðlum og er í lagi.
- Það kom einnig fram í máli skólastjóra að starfsmaður við skólann hefði fundið fyrir einkennum myglu á tveimur stöðum í skólanum. Búið er að fá Kópavogsbæ og óháða verkfræðistofu til að koma og taka sýni á þessum báðum stöðum og beðið er eftir niðurstöðum. Umræður sköpuðust um myglu í stofnunum landsins.
- Að lokum var rætt um bílaumferð á skólalóðinni. Skólastjóri hefur sent málið áfram til bæjarins. Foreldrafélagið var hvatt til að gera slíkt hið sama.
- Á næsta fundi verður rætt um nemendaráð skólans.